

1859. væri það því ákjósanlegt, að skipið færi þangað sem fyrst
 18. apríl. verða má.

18. apríl. **9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlanda manna við Ísland.**

Stjórn utanríkismálanna hefur í bréfi 10. f. m. skýrt dómsmálastjórninni frá, að hinn konunglegi verzlunarfylltrúi í *Leith* hafi meðal annars beiðzt upplýsingar um það, í hverri fjarlægð undan landi erlendum mönnum séu leyfilegar fiskiveiðar við Ísland. Jafnframt þessu hefur utanríkisstjórnin spurt um, að hve miklu leyti farið hafi verið eptir reglum þeim, sem settar voru í konungsúrskurði 22. febrúar 1812, þá er ákveðin hafa verið þau takmörk, sem mönnum úr erlendum ríkjum er bannað að fara yfir á fiskiveiðum við Ísland; en konungsúrskurður þessi, sem birtur var öllum háyfirvöldum í Danmörku með Canc. br. 25. s. m., kveður svo að orði, að umráð konungs yfir sjónum nái eina mílu undan landi, og sé sú vegalengd talin frá yztu eyjum eður hólum við landið.

Mál þetta stendur í enu nánasta sambandi við það, sem um er rætt í bréfi utanríkisstjórnarinnar 18. f. m.; en í því var beðið um skýrslu um þau lagaboð og aðrar þær yfirvaldatilskipanir, er miðuðu til að vernda fiskiveiðar Íslendinga, og sem þætti æskilegt að kunngjört yrði skipverjum á erlendum fiskiskútum, einkum frakkneskum og enskum, þeim er stunda fiskiveiðar í höfum þessum, samkvæmt því sem farið hafði verið fram á í bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. febr. þ. á.

Dómsmálastjórnin leyfir sér því að svara bréfum þessum báðum í einu lagi á þessa leið:

Frá ómuna tíð, og allt þangað til íslenzka verzlunin var látin laus við alla þegna Danakonungs árið 1786, voru fiskiveiðarnar við Ísland álitnar að vera eign hinnar dönsku stjórnar, og þegar verzlunin um ýms tímabil var seld á leigu einstökum mönnum eður félögum, voru veiðiréttindi þessi einnig látin fylgja með. *Privilegia* 16. desemberm. 1631 og leyfisbréf 16. aprílm. 1636

1859.
18. apríl.

eru hin elztu lagaboð, er til taka, hvað langt undan landi rétturinn til fiskiveiða við Ísland ná; með þeim var það leyft hinu íslenzka verzlunarfélagi að gjöra upptæk ensk hvalveiðaskip, er kæmu nær landi en 4 vikur sjávar, og skip annara þjóða, er nær kæmu landinu en í 6 mílna fjarlægð. Opið bréf 13. maím. 1682, um fyrirkomulag hinnar færeysku og íslenzku verzlunar, bannar í 2. gr. öllum, bæði innlendum og útlendum, þeim er eigi voru í verzlunarfélagi því, er þar ræðir um, að stunda fiskiveiðar við Ísland nær en 4 mílur undan landi; og skyldu þeir sem á móti brytu missa skip og farm, og sæta þar að auki líkamlegri hegningu. Þessar ákvarðanir eru endurnýjaðar í ýmsum seinni verzlunarlögum, smbr. t. a. m. *Octroi* 13. júlím. 1742, 6. og 7. gr., og 15. ágústm. 1763, 14. og 15. gr. Svo er það og með tilskipun 1. aprílm. 1776, 2. gr. harðlega bannað, bæði útlendum mönnum og innlendum, þeim er ekki höfðu sérstaklegt leyfi til þess fengið, að stunda dugguveiðar eður fiskiveiðar kringum strendur landsins; en eigi er í tilskipun þessari tiltekin nein viss fjarlægð.

Með opnu bréfi 18. ágústm. 1786 voru fiskiveiðarnar við Ísland, ásamt verzluninni, látnar lausar við alla þegna Danakonungs; var þar á eptir með tilsk. 13. júním. 1787 lagt fullt bann við, að skip útlendra þjóða kæmu inn í firði, flóa og hafnir landsins, nema þau væru nauðstödd; skyldu skipin vera upptæk ef á móti væri brotið; það var og bannað öllum útlendingum að stunda dugguveiðar og fiskiveiðar við landið, og var sama hegning við lögð (smbr. 2. og 4. gr.). En ekki eru í tilskipun þessari tekin til nein ákveðin takmörk, sem beri að álíta, að umráð sjávarins ná að. Í tilskipun 11. septemberm. 1816, er veitti þegnum erlendra ríkja leyfi til að verzla á Íslandi, með þeim skilmálum, sem nákvæmar eru til greindir, er öldungis ekki minnzt á fiskiveiðarnar; þessu er og á sama hátt varið með hin nýju lög 15. aprílm. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi.

En um það, hvernig ákvörðunum þeim, sem nú hefur verið um getið, hefur verið fram fylgt á fyrri og seinni tímum, þá má það varla ætla, að neinni fastri reglu hafi verið fylgt í því

1859.
18. apríl.

efni. Þannig er gjört ráð fyrir því, að takmörkin seu 3 mílur undan landi, í reglugjörð þeirri, er samin var handa *Bille*, skipsforíngja, þá er hann var sendur með freygátuskip árið 1774 til þess að bægja útlendum fiskimönnum frá Íslandi. En í skýrslu þeirri, er hann samdi eptir það að hann var kominn aptur úr ferð þessari, segir svo frá, að útlendir fiskimenn vildu eigi hlýðnast ákvörðuninni um 3 mílna fjarlægð, en könnuðust aðeins við, að þeir ekki mættu fara inn í firði og flóa við landið. Eigi hefur heldur verið farið eptir hinni almennu grundvallarreglu um það, hversu langt umráð konungs nái yfir sjónum undan landi, sem tekin er fram í konungsúrskurði 22. febrúarm. 1812, viðvíkjandi fiskiveiðunum við Ísland; þar á móti er gjört ráð fyrir því, og það jafnvel nú á seinni árum, í reglugjörðum þeim, er samdar hafa verið handa herskipaforíngjum, er sendir hafa verið á ýmsum tímum til Íslands, til þess að vera á krosssiglingum þar við landið, að enn seu 4 mílur undan landi takmarkið, og megi ekki útlendir fiskimenn veiða nær landinu; þó er þess jafnframt getið, að ekki beri að fram fylgja banni þessu eins stranglega og orðin hljóða.

Á hinn bóginn virðist það vera ákjósanlegt, að fengist geti stöðug og óraskanleg regla, er farið verði eptir í þessu efni. Eptir bréfum þeim, er fyrrum fóru á milli rentukammersins og stjórnardeildar hinna útlendu mála um þetta (smbr. bréf stjórnardeildarinnar 11. desemberm. 1833) virðist svo sem það muni vera samkvæmast almennri skoðun um yfirráðin yfir sjónum, að takmörkin seu ákveðin á þann hátt, sem um er rætt í konungsúrskurði 22. febr. 1812 (smbr. Canc. br. 16. desemberm. 1845), en þar er til tekin einnar mílu fjarlægð frá yztu ey eður hólma við landið, sem stendur uppúr sjó. Þess vegna mælist dómsmálastjórnin til þess, að utanríkisstjórnin hlutist til um það við stjórnir hinna útlendu ríkja, þær er hlut eiga að máli, að útlendum fiskimönnum verði boðið að halda sér fyrir utan þetta svið; og er það þá sjálfsagt, að þeim ekki heldur er heimilt að fara til fiskiveiða inn í firði og flóa við landið; bæri þá um leið að gefa þeim til vitundar, að ef þeir fari inn á þetta svið megi þeir búast við því, að farið verði með þá

samkvæmt hinum konunglegu tilskipunum, einkum tilsk. 13. júním. 1787. 1859.
18. apríl.

Að lyktum skal þess getið, að sjóliðsstjórninni hefur í dag verið skrifað til, að setja foringjanum fyrir herskipi því, er fara á í sumar til Íslands, reglur, er þessu seú samkvæmar.

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um póstgöngur. 30. apríl.

Yður er kunnugt, herra stiptamtmaður, að alþing 1855 sendi bænarskrá til konungs um, að samið yrði og lagt fyrir alþing frumvarp til laga eða reglugjörðar um breytingar á póstgöngum á Íslandi.

En af því póstgöngur á Íslandi, eins og alþing líka hefur drepíð á, hljóta að standa í sambandi við póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands, varð að koma þeim í lag, áður en ákvarðanir yrðu samdar um breytingu á póstgöngum á Íslandi sjálfu. Það var og nauðsynlegt, fyrst að ákveða, hvort íslenzk póstmál framvegis skyldu heyra undir dómsmálastjórnina, eða hvort ekki væri haganlegra, að leggja mál þessi undir póststjórnina í Danmörku.

Þessum tveimur atriðum er nú þannig ráðið til lykta, að búið er að koma á reglulegum póstgöngum milli Danmerkur og Íslands með gufuskipi fyrst um sinn, og fjárhagsstjórnin neitaði í bréfi dags. 10. október í fyrra að gefa jáyrði til þess, að afgreiðsla íslenzkra póstmála yrði lögð undir yfirpóststjórnina, þaræð hún ekki hefði nægan kunnugleik um það, hvernig til hagaði á Íslandi.

Það er því ekkert á móti því, að nú sé byrjað að semja um breytingar þær á íslenzkum póstgöngum, sem alþing fór fram. Það er í þessu tilliti nauðsynlegt, að samin verði alveg ný íslenzk póstlög, eða reglugjörð um póstgöngur á Íslandi, þaræð svo ólíkt hagar þar til, við það sem hér er, svo það mundi vera óráð, að reyna til að laga póstlögin frá 11. marz 1851 þannig, að þeim yrði komið við á Íslandi. Ákvarðanir